

Reglugjörð um notkun pósta.

50
17. maí

I. Kaffi.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Pósthúsin og starfssvið þeirra.

Á pósthúsum skal tekið á móti alls konar póstsendingum og þær afhentar svo lengi sem hægt er og þörf er á frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis.

Það er skylda póstmanna, þegar þess er krafist, að leiðbeina mönnum um notkun póstanna, ef því verður við komið, án þess að raska eða seinka um of fyrir öðrum póststörfum.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal póstkassi hengdur upp við innganginn á pósthúsunum.

Á póstafgreiðslustöðum skal sá hluti pósthússins, sem hafður er til að afgreiða póstinn, vera aðgreindur frá þeim hluta, sem ætlaður er almenningi, með skilrúmi, diskum eða á annan hátt. Þar skal eitt eintak af póstlögunum og reglugjörð þessari vera til sýnis, yfirlit yfir komandi og farandi pósta og annað, sem samkvæmt reglugjörð þessari og öðrum ákvæðum ber að auglýsa þar.

2. gr.

Hvenær póstsendingum skal skilað, og hvenær pósthúsin eru opin.

Póststjórnin ákveður, hvenær pósthúsin skulu vera opin, eptir því sem hagar til á hverjum stað, og eptir póstgöngunum.

Á sunnudögum og helgidögum þurfa pósthúsin ekki að vera opin, nema um póstgöngur.

Til þess að sendingar fari með fyrsta pósti, skal þeim í síðasta lagi skilað að svo löngu áður en hann, eptir áætluninni, á að fara frá póstafgreiðslustað, sem hjer segir:

Peningabrjefum, böggjum og póstávísunum	1 1/2 klst.
Ábyrgðarbrjefum og blöðum, sem send eru samkvæmt 11. gr. í póstlögunum	1 —
öðrum brjefasendingum	1/2 —

Fari póstur að morgni fyrir kl. 9., skal sendingum öllum, sem á að afhenda á pósthúsinu, skilað kvöldinu fyrir. Hve lengi hægt er að taka við sendingum á póststofunni í Reykjavík, til þess að þær komist með fyrsta pósti, verður ákveðið af póststjórninni.

Á brjefhirdingastöðum skal sendingum skilað svo löngu áður en póstur á að fara þaðan, sem hjer segir:

Ábyrgðarlausum brjefum	1/2 klst.
öðrum sendingum	1 —

Brjefakassa á pósthúsum skal ætíð tæma 10 mínútum áður en póstur leggur af stað frá pósthúsinu.

31. dag maímánaðar 1902.

50 Þetta skal auglýst á pósthúsum og hvenær megi seinast afhenda send-
17. maí ingar til þess þær komist með fyrsta pósti.

3. gr.

Flutningur á póstsendingum.

Til þess að flytja póstsendingar milli pósthúsanna skal nota:

1. Landpóstana, sem landssjóður kostar;
2. Gufuskip þau, sem styrks njóta af landssjóði;
3. Reglubundnar flutningaferðir á landi, sem einstakir menn kosta, og skip einstakra manna. (Póstl. 8. og 9. gr.).

Þegar sjerstaklega stendur á, getur póststjórnin látið flytja póstsendingar á þann hátt, sem hún álitur best við eiga.

Með flutningaferðum einstakra manna á landi og með skipum einstakra manna skal venjulega aðeins senda brjef, póstávísanir, krossbandssendingar og blöð og tímarit. — Með hinum öðrum reglubundnu flutningaferðum skal venjulega senda alls konar sendingar.

Póststjórnin auglýsir, hvenær póstar eigi að koma og fara frá pósthúsum og allar breytingar, sem kunna að verða gjörðar á því.

Sömuleiðis auglýsir hún tækifæris póstflutninga, og hvað þá er tekið til flutnings.

Þegar farartími pósta er auglýstur, er ætíð átt við þann tíma, þegar póstur má leggja af stað í fyrsta lagi, en póststjórnin getur látið póstinn leggja af stað síðar, meðal annars til þess, að biða eptir öðrum póstum.

Þegar ísár eru eða mjög mikil ófærð á vetrum, getur póststjórnin ákveðið, að bögglar, blöð og krossbandssendingar skuli biða betri tíma.

4. gr.

Skil á póstsendingum.

Póststjórnin tekst á hendur að koma póstsendingum til þeirra pósthúsa, sem vísað er til, og afhenda þær þar þeim, sem við á að taka, en þeir skulu sjálfir sjá um að sendingarnar sjeu sóttar.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið án kostnaðar fyrir póstsjóð, skulu póstmenn láta móttakendur vita, þegar sendingar eru komnar til þeirra, og koma þeim til þeirra, á þeirra kostnað, ef þeir óska þess.

Brjef, sem eiga að berast með hraðboða, skal senda til móttakanda bæði á virkum dögum og helgidögum, á hvaða tíma dags sem er.

Í Reykjavík eru almenn brjef, fylgibrjef og póstávísanir bornar til manna tvisvar á virkum dögum og einu sinni á helgum dögum og eptir komu pósta samkvæmt auglýsingu frá póststjórninni.

Þar er móttakendum einnig tilkynnt, þegar aðrar sendingar koma til þeirra, þeim að kostnaðarlausu.

II. Kafi.

Brjefasendingar, peningabrjef, bögglar og póstávisanir. Útbúningur þessara sendinga.

50
17. maí

5. gr.

Brjefasendingar.

Almenn brjef skulu vera flöt að lögun og eigi yfir 15" á lengd, 10" á breidd og 1" þykkt. — Þau mega eigi vera þyngri en 50 kvint og hvorki má skrifa á þau verð eða að aðrir munir fylgi þeim. Munir þeir, sem eigi fullnægja þessum skilyrðum, skulu fluttir, ef á annað borð má flytja þá með póstum, eptir þeim reglum, sem gilda fyrir þær sendingar, sem þeir eptir eðli sínu verða að teljast til, þótt þeir hafi verið settir á póst sem almenn brjef.

Spjaldbrjef eru opin spjaldblöð, sem póststjórnin gefur út með áprentuðu frímerki.

Einstakir menn geta líka gefið út spjaldbrjef, en þau verða þá bæði að lögun, stærð og efni að vera eins og spjaldbrjef þau, sem póststjórnin gefur út. Prenta skal á þau nafnið »spjaldbrjef«, en frímerki má eigi prenta á þau, og að öðru leyti má eigi utanáskriptarmegin prenta á þau neitt verulegt annað en utanáskriptina og það, sem prentað er á spjaldbrjef póststjórnarinnar.

Engin önnur sending má fylgja spjaldbrjefum, og eigi má líma á þau neitt annað en frímerkin og seðil með kveðjunni, allt að 2 þumlungum á lengd og $\frac{3}{4}$ þumlungs á breidd. Utanáskriptarhlíðina á spjaldbrjefum má aðeins nota fyrir kveðjuna og nafn og heimili sendanda.

Brjefasendingar sem 11. gr. a. 2 í póstlögunum ræðir um eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi eða aðeins samanbrotið eða opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið. Um þessar sendingar gildir sama og almenn brjef að þær mega eigi vera þyngri en 50 kvint, og hvorki má skrifa á þær verð eða að aðrir munir fylgi þeim. Þessar sendingar má flytja með póstum, þótt þær að lögun, stærð og þykkt sjeu öðruvísi en sagt er um almenn brjef, þó verða þær að vera þannig lagaðar, að þær sjeu hentugar til flutnings með öðrum brjefasendingum.

I. *Prentað mál.* Þar undir má telja: Allt sem prentað er á pappír, skinn eða pappa, hvort sem letrið eða myndirnar, sem prentað er með, eru úr steini, málmí eða trje; auk þess má senda sem prentað mál annað, sem fjölritað er með vjelum, og auðvelt er að ákveða, hvernig er gjört, þó ekki það, sem ritað er með endurritvjel, skrifvjel eða gegnumskript; það, sem ritað er með hektograf eða trypograf, má þó senda sem prentað mál, ef 20 samhljóða eintök af því eru afhent í einu á pósthúsið.

Sem dæmi upp á prentað mál má nefna: Blöð og tímarit, bækur, nótur, nafnseðla, prófarkir, upphleypt prent fyrir blinda, myndir, landabrjef, áskriptartilboð, auglýsingar o. s. frv.

Til þess að munir þeir, sem að framan eru nefndir, verði teknir til meðferðar með póstum sem prentað mál, verða þeir að fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

50
17. maí

1. Fyrir utan utanáskriptina má eigi skrifa á þá neitt annað en það, er hjer segir:

Nafn sendanda og stöðu, staðinn, sem það er sent frá, mánaðardag, verðið á verðskrár og áskriptatilboð. Á bókum stutt tileinkun frá höfundinum. Með prentuðu máli mega fylgja reikningar, sem snerta það. Með próförk má fylgja tilheyrandi handrit og mega í próförkinni vera leiðrjettingar á prentvillum, breytingar og viðbót, sem lýtur að texta ritsins, og athugasemd um, hvort ný próförk sje nauðsynleg eða ekki, en engin orðsending til prófarkalesarans.

Sömuleiðis má setja þar stryk, tölur og merki, en eigi má setja þau þannig, að þarmed sje móttakanda gefin vísbending um eitthvað.

2. Prentað mál verður að vera þannig útbúið, að auðvelt sje að rannsaka innihaldið, og skal í því efni þetta tekið fram: Prentað mál, sem aðeins er einföld eða samanlögð spjaldblöð, seðlar eða því um líkt, má senda umbúdalaust, en sjeu munir þessir lagðir saman, má þeim eigi vera lokað með lakki, oflátu eða á líkan hátt.

Annað prentað mál verður að vera í umbúðum annaðhvort samanbundið, þó svo, að hægt sje að leysa utan af því eða í umslagi, sem auðvelt er að taka af og láta á aptur. Utanáskriptarmegin á prentuðu máli skal ætíð standa *prentað mál*.

3. Eigi mega vera í því munir til ýmissa eða frá ýmsum, nema um blöð sje að ræða, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. e. í póstlögunum.

II. *Sýnishorn af vöru og snið* (uppdrættir).

Til þess að munir þeir, sem eptir edli sínu má telja undir sýnishorn af vöru og snið, sem þó mega eigi vera handteiknuð, verði tekin til flutnings með póstum, skulu þeir fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum.

1. Fyrir utan utanáskriptina má eigi skrifa á þá annað en nafn sendanda, eða merki, tölu, verð, þyngd, mál, stærð og hve mikið sje til sölu af vörunni.
2. Þeir skulu vera í umbúðum þannig, að auðvelt sje að rannsaka þá, bæði að opna umbúðirnar og loka þeim.
3. Þeir mega eigi hafa verð til verzlunar þannig, að hægt sje að selja þá út af fyrir sig.
4. Þeir mega eigi innihalda hluti frá ýmsum eða til ýmissa. Útilokað frá að flytjast með póstum sem prentað mál, sýnishorn af vöru og snið, eru frimerki bæði innlend og útlend, hvort sem þau eru ónýtt eða ekki, spjaldbref og allir aðrir prentaðir munir, sem eru notaðir til að tákna verð.

Ef prentað mál, sýnishorn af varningi og snið, fullnægja ekki skilyrðum þeim, sem talin eru í I.1—2 og II.1—2, fer um muni þessa sem almenn brjef.

Ef skilyrðum í I.3 og II.4 eigi er fullnægt, skal hver einstakur hlutur í sendingunni skodaður sem sending út af fyrir sig, og með hann farið þar eptir.

Hafi sýnishorn af vöru eða snið verzlunarverð, skal með þesskonar sendingar farið sem brjef eða böggul.

Reglur þær, er nú skal greina, gilda um allar brjefsendingar (almenn brjef, spjaldbrief, prentað mál, sýnishorn og snið) sameiginlega.

Til þess að geta komið hjá drætti, skulu þær hafa nákvæma utanáskript, sem segi til um nafn móttakanda, heimili og nafnið á pósthúsi því, þar sem sendingin á að afhendast. Auk þess er ráðlegt að tilfæra á umslagið eða umbúðirnar nafn sendanda og heimili, til þess að sendingunni verði fyrr skilað aptur, ef eigi er hægt að koma henni til móttakanda.

Til þess að brjef til Reykjavíkur verði borin út í fyrstu ferð brjefberans eptir að þau koma á pósthúsið, verður götunafn og húsnúmer að standa á brjefunum, og til þess að þeim verði ráðað í box við fyrstu röðun, skal boxnúmer sett á þau.

Æski sá, sem sendir brjefsending, að hún sje flutt með ábyrgð, verður utanáskriftarmegin greinilega að skrifa *NR*, eða *mælt með* eða *recommanderad*. Krefjist sendandi ábyrgðarsendingar kvittunar móttakanda fyrir henni, skal skrifað framan á brjefið: »kvittunar er æskt fyrir móttöku«.

Með því að skrifa framan á brjefsendingar undir staðarnafnið »poste restante« eða »verður sótt«, getur sendandi ákveðið, að þær geymist á pósthúsinu þangað til þær verða sóttar, þó ekki fram yfir 3 mánuði frá því þær komu á póststaðinn. Þegar brjefasendingar eru eigi með ábyrgð, má í staðinn fyrir nafn móttakanda tilfæra bókstafi, tölur eða merki, en þá ábyrgist póststjórnin ekki að sendingin komist í rjettar hendur.

Ef þess er óskað, að brjef sje borin út með hraðboða, verður ósk um það að vera skrifuð utanáskriptarmegin á brjefið.

6. gr.

Peningabrjef.

Til þess að sending verði tekin til flutnings sem peningabrjef, verður hún að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5. gr. um almenn brjef, að því er snertir lögun, stærð, þykkt og þyngd; auk þess verða í henni að vera peningar eða verðbrjef og á hana skrifað ákveðið verð. Eigi má rita á hana athugasemd um að nokkur annar hlutur fylgi henni. Þegar sjerstaklega stendur á, má þykktin þó vera lítið eitt yfir þumlung.

Af mótuðum peningum má ekki í nokkru peningabrjefi vera meira en

50 kr. í gulli,

9 — í ein- eða tvíkrónum,

90 aurar í smásilfri,

9 — í kopar.

Yfir höfuð eru engin takmörk fyrir verðupphæð peningabrjefa.

Verðupphæð skal tiltekin í íslenskum peningum og má hún ekki vera yfirstrykuð eða henni breytt, nema sendandi hafi á umslaginu endurtekið hina rjettu upphæð með bókstöfum, og skrifað nafn sitt undir.

50 Þegar sagt er til verðupphæðar á peningabrjefum, skal það orðað þann
17. maí íg: Innlagðar N. N. kr., eða á líkan hátt.

Aptur á móti verður eigi álitíð, að sagt sje til verðs á peningabrjefi, þótt skrifað sje á sending, sem skuldabryef með nafni eða slík brjef eru í: Innlögð skuldabryef að upphæð N. N. kr., innlögð ávísun að upphæð N. N. kr.

Þegar telja skal í peningabrjefi, sem inniheldur útlenda peninga, sem eigi eru gjaldgengir hjer á landi, og talningin getur farið fram, af því að hlut-
aðeigandi pósthjónn getur staðfest innihaldið samkvæmt því, sem sagt er til um verðið, verður að framkvæma hana þannig, að upplýsing sje gefin um, hve mikið sje í innlendum og hve mikið í útlendum peningum, t. d.: Innlagt N. N. kr. í íslenskum seðlum og N. N. frankar í frönskum seðlum. Verð N. N. kr.

Þar að auki skal búa um peningabryef og lakka, svo sem hjer segir:

Umbúðir.

Áður en umslagið er látið utan um peningana eða verðbrjefin, skulu þeir vera sveiptir inn í umbúðapappír eða annað jafnsterkt, og skal þessu vera komið svo fyrir, að það haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það fær-
ist eigi til að mun á leiðinni; sjer í lagi verður að gæta þess, að mótaðir pen-
ingar eigi geti skrölt lausir í umslaginu. Það er því ráðlegt, þegar í peninga-
brjefi eru mótaðir peningar, að innsigla hinar innri umbúðir líka.

Umslagið.


Umslög um peningabryef eiga að vera úr sterkum umbúðapappír, þau eiga
að vera í lögun, áður en þau eru brotin saman, eins og uppdrættirnir I og II sýna.

Þó má nota venjuleg brjefaumslög um seðla, en eigi fleiri en 4 í hverju
brjefi (mótaða peninga má eigi senda í slíkum umslögum).

Auk þess verður að innsigla þau eptir sjerstökum reglum, er síðar verð-
ur getið.

Innsiglu.

Þegar sendandi notar umslagið I og krefst eigi tölu í peningabryefinu, á
hann að lakka það með tveim lökkum þannig, að innsiglið þeki hornin á um-
slagslokkinu og snerti það af umslaginu, sem liggur undir, eins og myndin III



sýnir; þó getur pósthúsið heimtað, að fleiri lökk sje á brjefinu, þegar stærð um-
slagsins gefur tilefni til þess.

Sje umslagið að lögun eins og myndin II sýnir, eða sjeu peningar sendir
í venjulegum umslögum, þá skal lakka peningabryefið með 5 lökkum eins og
mynd IV sýnir.

Sje talið í peningabrjefi með umslagi I, skal setja á það tvö póstinnsigli eins og á mynd III, og innsigli sendanda á milli þeirra. 50
17. maí

Ef öðruvísi umslög eru notuð, eiga tvö af fimm innsiglium að vera póstinnsigli.

Til innsigluunarinnar ber að nota haldgott lakk og reglulegt signet, en mótaða peninga, hnappa eða því um líkt má ekki nota í þess stað. Sendandi verður að viðhafa sama signetið á öllum lökkum, sem hann setur á sama peningabrjefið. Nafn og heimili móttakanda skal skrifað með bleki á hvert peningabrjef, og eigi það að fara út fyrir umdæmi þess pósthúss, þar sem það er afhent, skal og skrifa nafn þess pósthúss, sem ætlast er til að afhendi brjefið.

Sendandi getur heimtað, að brjefið liggi á pósthúsi því, sem það er sent til, þangað til móttakandi sækir það, með því að skrifa á brjefið »poste restante« eða »verður sótt«, þó eigi yfir 3 mánuði eftir að það kom þangað.

Óski sendandi að fá kvittun móttakanda fyrir því, skal hann rita athugasemd um það á brjefið utanáskriftarmegin.

7. gr.

Böggulsendingar.

Munir þeir, sem að einhverju leyti fara út fyrir takmörk þau, sem sett eru um brjefasendingar og peningabrjef, að því er snertir lögum, stærð og vikt, skulu teljast undir böggulsendingar.

Fyrir flutning böggulsendinga með póstum gilda reglur þær, sem nú skal greina:

U m m á l.

Böggulsendingar, sem eiga að fara með landpóstum, mega eigi vera yfir 18" á lengd og 9" á breidd og þykkt, auk þess verða sendingar, sem eiga að flytjast með gangandi póstum, að vera þannig lagaðar, að hægt sje að flytja þær í burðartöskum. Böggulsendingar, sem aðeins á að senda með skipum, mega vera alt að 1½ alin á hvern veg. Hvort leyft sje, þegar sjerstaklega stendur á, að farið sje fram yfir nefnd takmörk, ákveður pósthúsið, þó því að eins, að stærð sendingarinnar eigi gjöri nauðsynlegar sjerstakar ráðstafanir við flutning hennar.

Viktin má eigi fara fram yfir:

10 pd. með skipum,

5 — með landpóstum

2 — með gangandi póstum,

þó því að eins, að póstattaskan með innihaldi vegi eigi yfir 40 pd.

Mótaðir peningar mega vega 16 pd. með skipum og landpóstum og 5 pd. með gangandi póstum.

Móttökupósthúsið getur þó, þegar sjerstaklega stendur á, leyft að þyngd böggla fari lítið eitt fram úr því, sem hjer er sagt.

U m b ú ð i r.

Um allar böggulsendingar skal vera vel og vandlega búið, og verða umbúðirnar að loka um innihald sendingarinnar fulltryggilega. Þær verða að eiga við eðli þess hlutar, sem sendur er, og því laga sig eptir innihaldi sending-

50 arinnar, vikt, stærð, árstíma og vegalengd, og eptir því hvort sendingin er flutt 17. maí á sjó eða landi.

Auk þess skal þess gætt, að um sendingar sje bundið fast og rammlega, nema þær sjeu mjög litlar og ljettar.

Lagarkenndar vörur, eða vörur, sem væta getur komið úr, svo sem epli, smjör og önnur feiti, skulu vera í sterkum þjettum ílátum, og brothættir hlutir, eins og gler og þesskonar, skulu sendir í kössum úr trje, þjátri eða líku efni.

Verði vörur þessar fluttar í öðrum umbúðum af því að pósthjórninni var eigi kunnugt um eðli innihaldsins eða umbúðanna, skal sendandi bæta allan skaða, sem af því hlýzt.

Án umbúða má senda trje eða járnvöru og líka hluti, ef eigi er hætt við að munir þessir skaddist eða skemmi aðrar sendingar.

Lagarkenndum vörum og vörum, sem væta getur komið úr, svo og peningabögglum, sem síðar skal getið, skal eigi veitt móttaka, nema umbúðirnar sjeu eins og fyrir er mælt; aðrar sendingar getur sendandi heimtað að sendar sjeu á hans ábyrgð, þótt eigi sje um þær búið, eins og segir í reglugjörð þessari, þegar hann eða umboðsmaður hans undirskrifar eptirfylgjandi áteiknun á fylgibrjefið »á ábyrgð sendanda« og pósthúsið álitur, að aðrar sendingar þurfi eigi að skemmast, þótt umbúðirnar á þessari sendingu sjeu í ólagi.

Merki.

Á hverri böggulsendingu skal vera greinilegt merki.

Þetta merki á ætíð að tilfæra fulla utanáskript móttakanda og þar að auki nafn póstaftgreiðslustadarins, sem sendingin á að fara til, ef hún á að fara út fyrir umdæmi móttökupósthússins.

Á hvern böggul skal setja: *poste restante* eða *verður sótt*, eða *landveg* sje um þess konar sendingar að ræða. Sje um verðsending að ræða, skal verðupphæðin sett hjá utanáskriptinni.

Merkið skal vera skrifað með bleki, svertu eða öðru haldgóðu efni (en ekki með kritt, ritblýi, blekblýant, eða því líku) og, ef unnt er, á sjálfa sendinguna eða umbúðirnar eða þá á pappa eða brjefspjald eða þess konar, sem bundið er við böggulinn. Pappírsmarki ætti aldrei að nota og verða aðeins tekin gild, þegar þau eru saumud, límd eða negld á sjálfan hlutinn eða umbúðirnar. Eldri merki mega ekki vera á sendingunni nje leifar af þeim.

Fylgibrjef.

Hverjum böggli skal fylgja fylgibrjef, sem pósthjórnin gefur út eyðublöð undir. Þau skulu vera til sölu á öllum pósthúsum á 1 eyri hvert.

Þegar 25 eintök eru keypt í einu, fást þau fyrir 20 aura á pósthofunni í Reykjavík og póstaftgreiðslustöðum, en á brjefhirdingarstöðum eptir pöntun.

Fylgibrjefið er eins og venjulegt brjefumslag, og má leggja í það almennt brjef, verðlaust og ábyrgðarlaust, ef það þá vegur eigi yfir 3 kvint.

Lykil að sendinguunni skal eigi telja með í viktinni.

Hverjum verðböggli skal fylgja sjerstakt fylgibrjef, aptur á móti má

senda 3 verðlausa böggla með sama fylgibrjefi, frá sama sendanda til sama móttakanda. 50
17. maí

Fylgibrjefið skal tilgreina nafn móttakanda, heimili eða bústað, og nafn póstafréiðslustaðar þess, sem sendingin á að fara til, ef hún á að fara út fyrir umdæmi móttökupósthússins.

Á fylgibrjefinu skal þess getið, að sendingin fylgi, og skal þess vandlega gætt, að nefna hana því nafni, sem hún venjulega hefir, svo sem böggul, kassa, körfu, poka o. s. frv.

Óski sá, er sendir böggul, að hann geymist á pósthúsi því, sem hann er sendur til, þangað til móttakandi sækir hann, verður hann að skrifa á fylgibrjefið »poste restante« eða »verður sótt«, og geymist hann þá á pósthúsinu alltað 3 mánuðum frá því hann kom þangað. Vilji sendandi, að böggull sje fluttur með landpósti, þótt hann sje ekki nægilega frímerktur til þess, skal sett á fylgibrjefið »landveg«. Sendandi verður að geta þess á fylgibrjefinu, ef hann óskar þess, að gefin sje út móttökukvittun, til þess að fá viðurkenning móttakanda fyrir að hafa fengið sendinguna með skilum.

Reglur þær, sem að framan eru settar, gilda fyrir alla almenna böggla, hvort sem verð er tilgreint eða ekki, aptur á móti skal búa um eiginlegar peningasendingar, sem verða að teljast böggulsendingar og loka þeim svo sem hjer segir:


P e n i n g a b ö g g l a r (sæðlabögglar).

Það eru bögglar með tilgreindu verði, sem hafa inni að halda brjefpeninga eða handhafa skuldabryf. Mótaða peninga má leggja inn í peningaböggla, en eigi meir af þeim en fyrir er sagt um peningabryf.

Fyrst skal sveipa um sendingar þessar sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið, síðan skal láta utan um þær sterkan umbúðapappír og brjóta þannig, að pappírinn leggist saman aptan á bögglinum.

Böggulinn skal reyra með sterku snæri eða bandi, sem ekki er hnýtt saman, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum fyrst utanáskriptarmegin og svo aptan á bögglinum; skal hafa endana svo langa, að sett verði á þá innsigli. Þegar ekki er talið í bögglinum, skulu innsiglið vera að minnsta kosti 2 og þannig fyrir komið, að þau festi bandið, sem reyrt er utanum böggulinn, og endana á því og brotið á pappírsumbúðunum við sjálfar umbúðirnar. Áltíki pósthjónn sá, sem tekur á móti sendingunni, að nauðsynlegt sje, til þess að henni sje vel lokað, að fleiri lökk sjeu sett á hana, skal það gjört.

Sje þess krafizt, að talið sje í peningaböggli, skal þar að auki setja á sendinguna 2 póstinnsigli, þannig að bandið og endar þess sjeu með þeim festir við það, sem brotið er upp á, af pappírsumbúðunum á bakhliðinni, eins og sýnt er á þessari mynd (V), þar sem sendandi á að setja á peningaböggul, sem talið er í, þau tvö innsigli, sem eru í miðjunni.



Myntsendingar.

Það eru bögglar með ákveðnu verði, sem innihalda mótaða peninga, eða

50 gull og silfur í stöngum; pappírspeninga og verðbrjef má einnig láta í þessar
17. maí sendingar. Þessar sendingar skal búa um í böggjum, ströngjum eða pokum.

M y n t s t r ö n g l a r e ð a b ö g g l a r.

Í hverjum böggli eða ströngli má ekki vera meir af mótuðum peningum en að hann vegi 16 pund. Fyrst skal hlaða peningunum fast saman, sveipa um þá á alla vegu sterkum pappír og reyra svo um. Umbúðirnar um böggjana eða ströngjana að utan skulu vera úr leðri, skinni, vaxdúki eða sterku ljerepti, sem að minnsta kosti er vafið tvisvar um; skal brotið saman við endana og allstaðar saumað fyrir. Auk þess skal böggullinn eða ströngullinn vera reyrdur snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal því að minnsta kosti á tveim stöðum vera brugðið í kross; skal festa endana á snærinu með innsigli sendanda við böggulinn, þar sem brotnir eru saman endarnir á umbúðunum. Ef póstmaður telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki láta tvö póstinnsigli á böggulinn.

M y n t p o k a r.

Í hverjum poka má eigi vera meir af mótuðum peningum en svo að hann vegi 16 pund. Peningapokarnir skulu vera úr leðri, skinni eða tvöföldu ljerepti, eða hafðir 2 pokar hvor utanum annan á þann hátt, að saumarnir á þeim liggja eigi saman. Saumar á peningapokum skulu ætíð snúa inn, og skal vera fast bundið fyrir þá, rjett fyrir ofan það, sem í þeim er, með sterku snæri, sem eigi er hnýtt saman, og skal festa endana rjett hjá hnútnum við pokann sjálfan með innsigli þess, sem sendir. Ef póstmaður telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki setja 1 póstinnsigli á pokann.

Það gildir um peningaböggla alla og verðböggla, þegar þeir eru lakkaðir, eins og segir um peningabrjef, að lakk það, sem notað er, á að vera haldgott, og það verður að viðhafa reglulegt signet, en ekki peninga, hnappa eða því líkt. Sendandi verður að nota sama signetið á öll lökkinn á sama böggli.

Verð á böggjum skal talið í innlendum peningum, og skal það skrifað bæði á fylgibrjefið, þar sem því er ætlað rúm, og á merki sendingarinnar eða umbúðirnar.

Tölurnar í verðupphæðinni má hvorki strika yfir nje breyta þeim, nema sendandi eða sendimaður hans, með eiginhandar undirskript, endurtaki hina rjettu upphæð bæði á fylgibrjefinu og á sendingunni.

Fylgibrjefið segir sjálft til, hvernig eigi að skrifa verðupphæðina, og á almennum verðböggjum skal það gjört eins, en á peningasendingum skal verðupphæð tilgreind eins og á peningabrjefum (6. gr.) t. d.: Innlagt N. N. krónur.

Það er ekki hægt að heimta, að talið sje í almennum verðböggli, en þegar beiðzt er, að talið sje í peningaböggli og hann hefir inni að halda útlenda peninga, sem eigi eru gjaldgengir hjer á landi, skal verðið tilgreint eins og segir um peningabrjef, þegar eins er ástatt (6. gr.)

8. gr.

P ó s t á v í s a n i r.

Það eru ávísanir á peningaupphæðir allt að 100 kr., sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út á öðru. Póstávísanir verða því að

ganga í gegnum tvö pósthús. Fyrst um sinn er það aðeins póststofan í Reykjavík og póstaftgreiðslurnar í Stykkishólmi, á Ísafirði, Blönduós, Sauðárkrók, Akureyri, Seyðisfirði og Eskifirði, sem geta borgað út póstávisanir, en bæði póststofan í Reykjavík og póstaftgreiðslur allar geta gefið út póstávisanir á nefnd pósthús. 50
17. maí

Undir póstávisanir má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út, og eru þau til sölu á pósthúsunum á 1 eyri hvert, og 20 aura hver 25 eintök. Á brjefhirðingastöðum er þó eigi hægt að fá keypt nema eitt og eitt eyðublað í einu, nema þau sju pöntuð fyrir fram. Eyðublaðið skal útfylla með bleki (þó má nafn og heimili viðtakanda vera prentað) og skal það gjört nákvæmlega eptir því, sem það sjálft gefur leiðbeining um.

Nafn viðtakanda og heimili og pósthús það, sem á að borga ávísunina, verður að vera greinilega tiltekið á henni; upphæðin á að vera í innlendum peningum og skrifuð bæði með tölum og bókstöfum, er sje nákvæmlega samhljóða og komi heim við upphæðina á afklippingi eyðublaðsins. Engar útstrikanir eða leidrjettingar mega eiga sjer stað að því, er upphæðina snertir.

Með því að skrifa »poste restante« eða »verður sótt« utan á póstávisunina hjá pósthúsnafninu, getur sendandi ráðið því, að ávísunin sje geymd á pósthúsinu, þangað til hún er sótt, þó ekki yfir mánuð frá því hún kom þangað.

Sendandi getur einnig, með því að skrifa athugasemd um það á póstávisunina, krafizt þess, að móttökukvittun sje gefin út, til þess að fá viðurkenning viðtakanda fyrir því, að hann hafi tekið á móti upphæðinni.

Afklippinginn má klippa frá og afhenda viðtakanda; sendandi getur skrifað á hann eða prentað á hann orðsendingar og fest á hann prentaðan miða, sem þó eigi má vera stærri en afklippingurinn, enda verður að falla alveg saman við hann, svo meðferð póstávisunarinnar verði engu erfiðari. Það er eigi skylda að skrifa upphæðina á afklippinginn, en sje það gjört, verður hún að vera samhljóða við upphæð ávísunarinnar, það er heldur eigi skylda að skrifa nafn og heimili sendanda á afklippinginn, en það er ráðlegt, til þess að geta fengið ávísunina endursenda, ef hún kemst eigi til skila.

9. gr.

Hlutir, sem eigi má flytja með pósti.

Hvaða hlutir það eru, sem bannað er að breiða út og sem að ytra álitu bera með sjer eitthvað ólögmett, ósæmilegt eða móðgandi, er komið undir hinum gildandi lögum, en hverjir hinir aðrir hlutir eru, sem samkvæmt 5. gr. póstlaganna eigi má flytja með pósti, verður opt að vera komið undir álitu og sjerstökum atvikum. Hjer skulu tilfærð nokkur dæmi upp á hluti, sem hætta er búin af að flytja.

Sprenghættir hlutir: Púður, skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit, hvellsilfur og þess konar, og allir hlutir, sem þessi efni eru í, eins og skothylki, hvellhettur, efni til flugelda, hlaðin skotvopn o. fl.

Eldfimir hlutir: Fosfór, nafta, steinolía, eter, klórsúr sölt og slíkt, enn

50 fremur allir þeir hlutir og samsetningar, sem þessi efni eru í, eins og eldspýtur, 17. maí benzin, ljósvökvi o. fl.

Etandi hlutir: Saltsýra, saltpjeturssýra, skeiðvatn, brennisteinssýra, vitriololla og þess konar.

Lifandi djr má eigi flytja með póstum.

Póstþjónar geta krafizt þess, að sendandi gefi skriflega skýrslu um innihald sendingar og opni hana, ef ástæða þykir til, svo að sannað verði, að engin hættu sje búin af að flytja hana. Neiti sendandi þessu, er pósthúsinu heimilt að færast undan að taka sendinguna til flutnings.

Hafi hlutir þeir, sem eigi má flytja með póstum, verið teknir til flutnings, getur póststjórnin krafizt þess, að sendandi sæki þá þegar í stað, ef eigi ber nauðsyn til að eyða þeim þá þegar. Verði sendandi eigi fundinn, eða leiði hann hjá sjer að verða við áskorun póststjórnarinnar um að sækja hlutina, skal annaðhvort selja þá eða eyða þeim. Þegar svo er ástatt, er sendandi skyldur til að greiða fullt burðargjald fyrir sendinguna að svo miklu leyti, sem andvirði það, sem fæst fyrir hlutina við söluna, eigi hrekkur til.

Ákvæði um burðargjald og aðrar póstgreiðslur.

10. gr.

Burðargjald fyrir utansveitar og utanbæjarsendingar.

Burðargjald fyrir sendingar þær, sem fara um fleiri en eitt pósthús, er ákveðið í 11. gr. póstlaganna og sama burðargjald gildir fyrir brjefasendingar, sem settar eru í brjefakassa á skipum og vögnum.

11. gr.

Burðargjald fyrir innansveitar og innanbæjarsendingar.

Það eru sendingar, sem látnar eru á pósthús, til þess að þeim verði skilað þar móttökumönnum, sem eiga heima í sjálfu umdæmi þess pósthúss og sem sækja þangað.

Burðargjaldið fyrir þær er sem hjer segir:

Brjefasendingar:

- | | |
|---|---------|
| a. almenn brjef, allt að 50 kv. á þyngd, þegar borgað er undir fyrirfram með frimerkjum | 4 aurar |
| óborguð brjef | 8 — |
| b. spjaldbrjef, prentað mál og sýnishorn af vöru, allt að 50 kv. | 3 — |
| ábyrgðargjald | 16 — |

Peningabrjef:

Burðargjald 4 aurar
 ábyrgðargjald og gjald fyrir talning, eins og segir í 11. gr. í póstlögunum.

Bögglar:

5 aurar fyrir hvern böggul og að auki 5 aurar fyrir hvert pund, sem böggullinn vegur. Fyrir rúmfreka böggla skal borga 50% meira.

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talningu er hið sama og fyrir peningabrjef.

Fyrir fylgibrjef borgast ekkert sjerstaklega, en undir þau skal nota eyðub'öð **50**
þau, sem pósthjórnin gefur út. 17. maí

Fyrir sama burðargjald er í Reykjavík borið til móttakanda almenn brjef og fylgibrjef, en tilkynningar um krossbandssendingar, ábyrgðarbrjef og peningabrjef.

Að öðru leyti skulu reglur þær, sem póstlögin og reglugjörð þessi setja, einnig gilda um sendingar þessar, þar sem eigi er annars getið.

12. gr.

Reglur um notkun á aukaburðargjaldi.

Aukaburðargjald það, sem 11. gr. í póstlögunum síðasta lið tiltekur um peningabrjef og böggla, skal tekið:

Þegar munir þessir eru endursendir, af því að þeim verður ekki komið til skila.

Þegar þeir endursendast eða sendast lengri veg, af því að sendandi óskar þess áður en þeir eru afhentir móttakanda.

Þegar þeir eru sendir lengri veg, af því að hlutadeigendur á hinum fyrsta ákvörðunarstað óska þess, og bæta við utanáskriptina nafni á öðru pósthúsi.

Þegar þeir, eptir að vera endursendir og áður en þeir eru fenguir sendanda í hendur, eru sendir að nýju samkvæmt ósk hans.

Aukaburðargjald leggst á peningabrjef og böggla, þegar breytingin á utanáskriptinni er einungis í því fölginn, að annað pósthús er gjört að ákvörðunarstað, aptur á móti er eigi hægt að senda böggla og peningabrjef lengri veg með aukaburðargjaldi, þegar breytt er um móttakanda.

Aukaburðargjald skal heimta í hvert skipti, sem böggull eða peningabrjef er endursent eða sent lengri veg.

Brjefasendingar, sem endursendast eða afgreiddast til annars staðar, eru eigi aukaburðargjaldi undirorpnar. Til þess að geta notið þessara hlunninda, verður að skila sendingum þessum aptur á hlutadeigandi pósthús, hafi þær verið afhentar, en það má ekki kasta þeim í pósthjefakassa, og sje það gjört, skal skoða þær sem settar á pósthús að nýju.

Þegar brjefasendingar, peningabrjef og böggla eru afgreiddir á ný, og fara yfir svæði þar sem hærra burðargjald skal taka en á því svæði, sem sendingunni upphaflega var ætlað að fara um, skal telja burðargjaldið, jafnt mismuninum þar á milli og því bætt við aukaburðargjaldið, ef sendingin er þess eðlis (peningabrjef eða böggull) að það á að leggjast á hana. Þessari reglu skal beitt þannig, að þegar borguð hefir verið undir sendinguna að fullu fyrirfram fyrir það svæði, sem hún upphaflega átti að fara um, skal heimta mismuninn á milli þess burðargjalds, sem þegar hefir verið borgað og þess burðargjalds, sem á að borga fyrir fyrirframborgaðar sendingar frá móttökupósthúsinu til hins nýja pósthúss, sem hún síðar er send til. Hafi sendingin upprunalega verið send óborguð eða ónóg borguð, þá skal heimta burðargjaldið, eins og fyrir óborgaðar sendingar milli þessara staða, aðvitað að frádrægnu andvirði þeirra frimerkja, sem notuð hafa verið.

50 Bæði þetta burðargjald og aukaburðargjaldið, þegar sendingin er send á 17. maí nýjan ákvörðunarstað, skal heimtað af móttakanda, hafi það ekki verið borgað fyrirfram af þeim, sem óskaði að sendingin væri afgreidd á annan stað. Burðargjald þetta skal þó gefið upp, þegar um ábyrgðarbrjef er að ræða.

13. gr.

Borgun á burðargjaldi.

Sendingar þær, sem samkvæmt 12. gr. póstaganna skal borgað undir fyrirfram, má eigi taka til flutnings með póstum, nema það sje gjört. Hafi slíkar sendingar komizt í hendur póststjórnarinnar, skal með þær farið sem sendingar, sem eigi hafa komizt til skila (20. gr.).

Hafi sending verið afhent á einhverju pósthúsi og hún er eigi nægilega frímerkt, af því að póstpjónn sá, sem tekið hefir á móti henni, hefir reiknað burðargjaldið skakkt, þá má eigi heimta það, er ávantar, af móttakanda.

Ákvæðið í 12. gr. póstaganna um að brjef, sem eitthvað er ritað utaná, svo að móttakandi geti ályktað af því, hvað þau hafa að innihalda, skuli borga undir fyrirfram, skal beitt þannig, að sjerhver áteiknun, fram yfir kveðjuna, nafn sendanda, stöðu og bústað, skal álitíð ritað, svo að móttakandi geti ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Skyldan til að borga eptirá ógoldna póstpeninga, er getur um í 12. gr. póstaganna síðasta lið, hvílir á öllum öðrum en konungi og konungsættingjum stjórnarvöldum og sveitastjórnnum þeim, sem getur um í 1. og 8. gr. í reglugjörð um meðferð á sendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitarstjórnnum.

Skylda þessi kemur til greina, þegar sendingin hefir eigi komizt til skila og er endursend óskemmd að utanverðu, og sendanda er gefinn kostur á að taka við henni aptur.

Hann getur ekki komizt hjá borgunarskyldunni með því að breyta um utanaskript á sendingunni, og póststjórnin er heldur ekki skyldug til að selja sendinguna, til að taka borgunina af andvirðinu.

14. gr.

Frímerkí.

Fyrir flutning með póstum á munum þeim, sem ræðir um í þessum kafla, er einungis hægt að borga fyrirfram með frímerkjum eða spjaldbrjefum, sem póststjórnin, með samþykki ráðgjafa Íslands, gefur út, en eigi með dönskum eða útlendum frímerkjum.

Allar aðrar póstgreiðslur, sem 11. gr. í póstlögunum ræðir um, skal borga í peningum. Hin gildandi frímerki eiga að vera til sölu á póststofunni í Reykjavík og póstaðgreiðslustöðum öllum bæði einstök og í hundruðum.

Á brjefhirðingastöðum eiga að vera til sölu að minnsta kosti 3, 4 og 5 aura frímerki; brjefhirðingamenn eru og skyldir til, þegar þess er krafizt og borgað er fyrirfram, að útvega með fyrsta pósti frímerki þau, sem þeir hafa ekki til, annaðhvort hjá póststofunni eða póstaðgreiðslustað.

Það, sem goldið hefir verið fyrir frímerki, borgar pósthjórnin ekki aptur 50 gegn því, að frímerkjunum sje skilað aptur; en ef frímerkin hafa ekki verið 17. maí notuð og þau eru ósködduð og alveg hrein, má heimta, að höfð sjeu skipti á þeim og öðrum frímerkjum, sem hafa sama verð.

Frímerki verða ekki tekin gild, ef þau eru óhrein eða líta út, eins og þau hafi verið brúkuð.

Sá sem vill fá skipt óbrúkuðum en óhreinum eða skemmdum frímerkjum, verður að sækja um það til pósthjórnarinnar.

Frímerki má klippa út úr spjaldbrefum og nota eins og önnur frímerki, sömuleiðis má líma frímerki á spjaldbref, til þess að borga undir þau meira, en þau upphaflega hafa verið gefin út fyrir.

Pósthjórnin greiðir ekkert endurgjald fyrir frímerki, sem um of eru límd á sendingu, en verði því viðkomið, skal eigi ónýta þau.

Frímerki skal setja á brjefasendingar að framanverðu (utanáskriptarmegin) í efra hornið hægra megin; samt verða þau frímerki tekin gild, sem sett eru annarsstaðar á sendingarnar að framanverðu. Einstöku sinnum má þó breyta út af þessu, ef rúm vantar á framhliðina, og taka einnig gild frímerki, sem límd eru á bakhlið sendingarinnar, þegar póstafréiðslumaður sá, sem sendir hana á stað, tekur eptir þeim, þó eigi, sjeu þau límd á afklippinga á póstafréiðslunum eða línur þær, sem póstmenn eiga að skrifa í.

Póstmenn skulu segja almenningi til um notkun frímerkjana og um það, hvornig þeim skuli koma fyrir, en eigi eru þeir skyldir til að líma frímerki á sendinguna fyrir þá, sem senda.

15. gr.

Ýmsar póstgreiðslur.

Póstkvittanir.

Pósthúsin fá eyðublöð undir þær og fylla þau út nákvæmlega eins og þau sjálf gefa leiðbeining um. Samkvæmt því á að taka fram á kvittuninni nafn móttakanda og ákvörðunarstað, tegund sendingarinnar og verðið, ef um verðsending er að ræða, viktina (þó aðeins á böggjum og peningabrefum), hvort í peningasending hafi verið talið, verð álímdra frímerkja, það sem borgað er í peningum, og daginn, sem kvittunin er útgefin. Auk þess skal tilfæra nafn sendanda á kvittunina, ef hann óskar þess.

Sje óskað eptir kvittun í póstkvittanabækur, sem 15. gr. póstaganna getur um að pósthjórnin fyrirskipi, á sendandi að skrifa í dálkana fyrir hverja einstaka sendingu, eins og leiðarvísir í bókunum sjálfum mælir fyrir, þannig að á upphæðinni sjeu engar breytingar gjörðar.

Hafi þetta eigi verið gjört, skal pósthjórnin sá, er veitir sendingunni móttöku, bæta úr því, sem á vantar, og má þá heimta venjulegt póstkvittunargjald fyrir hverja sendingu, nema sendandi vilji gjöra það sjálfur. Póstkvittanabækur gegnumdregnar og innsigliðar eiga að vera til sölu á pósthofunni í Reykjavík og póstafréiðslustöðum.

50 Brjefhirðar eiga að útvega þessar bækur frá næstu póstaftgreiðslu, ef 17. maí þess er óskað.

Póstkvittunarbækur, sem gefnar eru út af einstökum mönnum eða í út- löndum, verða eigi teknar gildar.

Pósthúsin eru skyld til að gefa póstkvittanir á eyðublöð þau, sem til þess eru ætluð, gegn því, að gjald það, sem ákveðið er í 15. gr. póstlaganna, sje borgað fyrirfram. Þau eru og skyld til að gefa út fleiri samrit af kvittun- um þessum sje þess óskað, gegn ákveðinni borgun fyrir hvert.

Póstkvittanir má heimta fyrir sendingar, sem hafa verið afhentar áður, en þá verður sendandi að gefa fullnægjandi upplýsingar um sendinguna og ut- anáskriptina, og um það, hvenær sendingin var afhent til flutnings.

Pósthúsin geta gefið kvittanir fyrir fleiru, svo sem frímerkjakaupum og öðru gegn 3 aura gjaldi fyrir hverja.

Ýmislegt, sem pósthúsin gjöra til þess að sendingar, sem afhentar eru til flutnings með póstum, verði svo útbúnar, sem fyrirskipað er.

Til þess má einkum telja það, sem hjer segir:

að skrifa utan á póstsendingar að nokkru eða öllu leyti,

að leggja til lakk, sem þarf, til þess að setja á böggla og peningabrjef fyrir- skipuð innsigli,

að slá utanum peningabrjef og skal þarmed talið að skrifa utan á það og setja lökkin fyrir, en umslag borgar sendandi þar að auki, ef hann ekki leggur það til sjálfur.

Þetta, sem hjer er talið, skulu pósthjónar því að eins gjöra, að sendandi óski þess.

Borgunin skal talin fyrir hverja sendingu (sbr. póstlög 15. gr.) og skal greidd fyrirfram í peningum, en má þó heimta eptir á af móttakanda fyrir send- ingar þær, sem finnast í brjefakössum eða sem þurfa lagfæringar við á leiðinni. Breyting sú á utanáskriptinni, sem verður nauðsynleg, þegar sending skal senda lengra, skal gjörð ókeypis.

Útburður brjefa með hraðboða.

Frá póststofunni í Reykjavík og póstaftgreiðslustöðum er hægt að fá brjef borin til móttakanda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að fara, gegn 30 aura gjaldi fyrir hvern kilometer frá pósthúsinu að telja.

Borgunin gengur til þess pósthúss, sem sendir hraðboðann. Borgun þessa má greiða í frímerkjum. Þegar pósthús, sem tekur við hraðboðabrjefi, getur ekki ákveðið upphæðina, má það heimta trygging af sendanda fyrir greiðslu hennar.

Ýmislegt annað, er pósthúsin geta tekið að sjer að gjöra.

Má þar á meðal telja:

að búa um böggla og leggja til efni í umbúðirnar;

að breyta böggulsendingum í krossbandssendingar;

að leggja mönnum til box og raða póstsendingum í þau;

- að setja póstsendingar í sjerstakar töskur, sem hlutaðeigandi leggur til, og taka **50**
 þær úr þeim og geyma lykil að töskunum; 17. maí
 að senda brjef til móttakanda á kostnað hans;
 að lána frímerki, óborgað burðargjald á sendingum og aðrar póstgreiðslur og
 halda reikning yfir það.

Borgun fyrir þessi störf og hin nánari skilyrði fyrir framkvæmd þeirra, er komin undir samningum milli pósthússins og hlutaðeigenda.

Meðferð þeirra póstsendinga sem taldar eru í þessum kafla, meðan þær eru í vörzlum póststjórnarinnar.

16. gr.

Hvernig póstsendingum skal koma á póst.

Brjefasendingar.

Munum þeim, sem teljast undir laus brjef, má koma á póst með því, að afhenda þá á pósthús og setja þá í póstbrjefakassa.

Frá þessari reglu eru þó tvær undantekningar.

1. Brjefasendingar, sem hafa verið afhentar, en síðar eiga annaðhvort að endursendast eða afgreiðast á annan stað, skal afhenda á pósthúsum, til þess að þær verði fluttar ókeypis. Finnist slíkar sendingar í póstbrjefakassa, skal með þær farið, eins og þær hafi verið sendar með pósti að nýju (12. gr.).
2. Endurrit gjörð með hektograf, trypograf og á líkan hátt, skal afhenda á pósthúsum í 20 samhljóða eintökum í einu minnst, til þess að þau verði flutt sem prentað mál (5. gr.).

Brjefasendingar, sem á að flytja með ábyrgð eða bera út með hraðboða, skal afhenda á pósthúsi á löglegan hátt. Finnist brjefasendingar í póstbrjefakössum með meðmælingaráteiknun, án þess að vera með nógum frímerkjum, skal eigi taka neitt tillit til áteikunarinnar, heldur skal með þær farið sem almenn brjef laus; sjeu brjef þessi nægilega frímerkt, verður farið með þau sem ábyrgðarbrjef, ef þeim er veitt eptirtekt, annars leggst engin ábyrgð á póststjórnina, þótt þær verði fluttar, eins og almenn brjef.

Brjef með hraðboðaáteiknun (express), sem finnast í póstbrjefakössum, skal farið með sem almenn brjef, ef þau eru eigi nægilega frímerkt, til að borga lægsta stig af hraðboðagjaldi, 30 aura.

Annars skal senda það sem hraðboðabrjef til ákvörðunarpósthússins, sem sker úr, hvort brjefið sje nægilega frímerkt, til þess það sje flutt með hraðboða, og sje það ekki, skal með það farið sem almennt brjef.

Peningabrjef og bögglar.

Þessar sendingar skal ætíð afhenda á pósthúsi. Með gangandi póstum verður eigi, með ábyrgð fyrir póstsjóð, fluttar peningasendingar yfir 500 kr. virði, og eigi bögglar yfir 2 pund.

Finnist peningabrjef í póstbrjefakassa og sje í því ástandi, að það verði flutt með póstum, skal með það farið sem peningabrjef. Sje því að einhverju leyti ábótavant, t. d. að utanáskript og innsigliun, skulu póstpjónar bæta úr því,

50 en borgun fyrir það skal heimta af móttakanda. Póststjórnin ábyrgist ekki, að 17. maí sendingar, sem eru þannig ólöglega afgreiddar af sendanda, verði fluttar með póstum eptir sömu reglum og peningabrjef.

Finnist smábögglar í póstrjefakössum nægilega frímerktir, skal flytja þá sem böggulsendingar, og að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og fyr er sagt um peningabrjef. Sjeu þeir aptur á móti annaðhvort ófrímerktir eða ónóg frímerktir, skulu þeir eigi fluttir með pósti, heldur farið með þá eins og sendingar, sem eigi verður komið til skila.

Hafi bögglar verið ranglega afgreiddir sem brjef, skal það pósthús, sem fyrst tekur þá til meðferðar sem böggla, gefa út fylgibrjef o. s. frv., en móttakandi borgar.

Hið sama gildir um ábyrgð póstsjóðs á bögglum, sem komast í hendur póststjórnarinnar á þennan hátt, eins og segir um peningabrjef, sem finnast í póstkössum.

Hvenær peningabrjef og bögglar skulu afhentir, skal skirskotað til þess sem segir í I. kafla.

Í 6. og 7. gr. í þessum kafla er það tekið fram, hvernig bögglar og peningabrjef skulu úr gærði gjörð, til þess að þau verði flutt með pósti; þar er þess og getið, að böggla megi flytja á ábyrgð sendanda, þótt eigi fullnægi þeir settum skilyrðum; það gildir þó eigi um peningasendingar.

Því skal hjer bætt við, að þótt brjefhirdingarstaður hafi tekið við peningabrjefi eða böggli, þá getur póststofan í Reykjavík eða póstafgreiðslur gjört það apturreka, sje það eigi afgreitt af sendanda hálfu, svo sem fyrirskipað er.

Talning sú á innihaldi í peningabrjefum og verðbögglum, sem 11. gr. b. og c. í póstlögnum ræðir um, verður því að eins heimtuð, að innihaldið sje í dönskum eða íslenskum peningum eða peningaígildi o. fl. og sendandi hafi tilfært fulla upphæð innihaldsins á peningabrjefið eða böggulinn og fylgibrjefið. Hafi sendingin inni að halda útlenda peninga, og peningaígildi eða verðbrjef, sem hljóða á útlenda peninga, eru póstpjónar eigi skyldugir að telja, en mega gjöra það, ef þeir geta dæmt um, að hið tilgreinda verð sje samhljóða innihaldinu.

Hvernig verðið skuli tilfært, þegar svo stendur á, skal skirskotað til þess, sem sagt er í 6. og 7. gr. í þessum kafla.

Sá, sem heimtar talið í peningabrjefi eða böggli, þegar hann afhendir það, getur heimtað, að talningin fari fram á þann hátt, að hann geti sjeð allt, sem gjört er við sendinguna, þó getur enginn heimtað, að honum sje hleypt inn í sjálft afgreiðsluherbergið eða inn fyrir disk í því.

Póstávisunum verður að skila á póststofunni í Reykjavík eða póstaftgreiðslustað, og verða þær alls eigi fluttar með póstum, þegar þær finnast í póstrjefakassa. Hvenær póstávisunum skal skilað, vísast til þess, sem sagt er í 2. gr., en í 8. gr. er sagt, hvernig þær skuli úr gærði gjörðar.

Allar sendingar, sem taldar eru í þessum kafla, skulu, sje þeim skilað á pósthúsi, afhentar í herbergi því, sem sjerstaklega er ætlað til afgreiðslunnar, í hendur einhvers póstpjóna þeirra, sem viðstaddir eru. Sje beðið um kvittun

fyrir sending, sem afhent er á póst, má sendandi krefjast þess, að honum sje gefin upplýsing um heimild póstpjónsins til að undirskrifa kvittunina. Krefjist sendandi eigi póstkvittunar fyrir sending, sem kvittun má gefa fyrir, skalskrifa sendinguna í dagbókina, þegar hann óskar þess, að honum ásjaandi, verði því við komið. 50
17. maí

17. gr.

Hvernig póstsendingum skal leiðbeint.

Póstsendingar skal flytja frá þeim stað, þar sem þeim er skilað til flutnings, með fyrsta pósti (á landi eða sjó), sem hægt er, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um það, hvenær þeim skuli skilað í síðasta lagi og hvenær póstbrjefakassar eru tæmdir og eptir því, hverskonar sendingar má senda með þeim pósti.

Þegar nefndur er fyrsti póstur, skal taka tillit til þess, með hvaða pósti sendingar komast fyrst til pósthúss þess, sem þær eiga að fara til.

Hið sama gildir venjulega einnig um sendingar, sem koma frá öðrum pósthúsum, að þær eiga að fara með fyrsta pósti eða sama pósti áleiðis.

Útaf þessum reglum verður þó að bregða um sumar tegundir sendinga, þegar ísár eru og ófærð á vetrum (3. gr.).

Póstsendingar skal flytja þá leið, sem póststjórnin leggur pósthúsum fyrir, nema því að eins að sá, sem sendir, riti á sendinguna, að hún skuli fara aðra leið, og skal þá þessu fylgt, svo sem unnt er.

Ófrimerktir böggjar og böggjar, sem eigi eru nægilega frimerktir, til að sendast með landpósti, verða fluttir með póstskipum á næsta viðkomustað við heimili móttakanda, en ekkert með landpóstum, nema á fylgibrjefinu og böggjum standi: *landveg* (7. gr.).

18. gr.

Breytingar á því, sem sendandi hefir ákveðið um flutning póstsendinga.

Meðan sending, sem skilað er til flutnings, er í vörzlum póststjórnarinnar, getur sendandi gjört breytingar á því, sem hann hefir áður ákveðið um hana. Hann getur fengið sendinguna aptur, eða látið flytja hana á annan stað og til annars manns, en tiltekið var í upphafi, ef þessu verður viðkomandi, án þess það verði afgreiðslu póstsins til fyrirstöðu og hann geti helgað sjer sendinguna.

Pósthúsið getur þar að auki heimtað kvittun fyrir því, að sendingunni sje skilað aptur, nema því að eins, að þess þurfi eigi við fyrir þá sök, að kvittun þeirri, sem póststjórnin hefir áður gefið, verði skilað aptur.

Ef sendingunni er skilað aptur, áður en hún er komin á stað frá pósthúsi því, þar sem hún var afhent, skal aðeins endurgoldið það, sem borgað var fyrir frimerki, og því að eins að ekki sje búið að setja frimerki á sendinguna fyrir sama verð. Frimerki sem búið er að líma á, en eigi þegar eru ónýtt, skal ekki ónýta, þegar sendingunni er skilað aptur. Þegar það annars kemur fyrir, að sendingu sje skilað aptur, skal sá, sem sendir, greiða fullt burðargjald.

19. gr.

50
17. maí*Afhending póstsendinga til móttökumanna.*

Sendingar þær, sem póststjórnin hefir tekið til ráðstöfunar, skal hún láta flytja til þess pósthúss, sem vísað er til, og skal skila þeim móttökumanni eða umboðsmanni hans. Póstmenn mega afhenda póstsendingar á öðru pósthúsi en á ákvörðunarpósthúsinu, samkvæmt ósk móttökumanns eða umboðsmanns hans.

Sömuleiðis mega þeir láta bera sendingar heim til móttökumanna, og afhenda þær eða leggja ábyrgðarlausar sendingar niður í brjefakassa á bústað hans.

Hverjum skal skila póstsendingum.

Yfir höfuð skal skila póstsendingum eptir því, sem utanáskriptin segir til. Þó má skila þeim öðrum samkvæmt 24. gr. póstlaganna, og skal ætíð gjört, þegar dómsúrskurður leggur svo fyrir. Að öðru leyti gildir það, sem hjer segir um afhending póstsendinga.

Ef vísað er á sendingunni til fleiri, má skila henni hverjum þeirra, sem vera skal.

Sendingar, sem eptir utanáskriptinni vísa til fjelaga, stofnana, stjórna, embætta o. s. frv., skel afhenda aðalforstöðumanni, nema hann gagnvart póststjórninni hafi óskað annars.

Sje enginn aðalforstöðumaður en fleiri jafnir, má afhenda sendingar hverjum þeirra sem vera skal, nema að annars hafi verið krafizt.

Almennar »poste restante« brjefasendingar, þar sem utanáskriptin er að eins bókstafir, tölur eða merki, má afhenda þeim, sem getur sagt nákvæmlega um merki sendingarinnar og hvaðan hún hefir verið send. Sje það efasamt til hvers sendingin á að fara, af því að fleiri eru með sama nafni, má hlutaðeigandi pósthús láta einhvern af þeim, sem haldið er að vísað sje til, opna sendinguna í viðurvist póstþjóns, til þess að reyna af staðsetningu, dagsetningu eða undirskript að fá vissu fyrir, hver sje rjettur móttakandi.

Ef póstþjónninn þekkir eigi móttakanda, getur hann krafizt þess, að hann færi sönnur á það með vottorði áreiðanlegs manns, sem póstþjónninn þekkir, annaðhvort munnlega eða skriflega, að hann sje hinn rjetti móttakandi, en póstmenn mega láta sjer nægja að hlutaðeigandi sýni brjef eða nafniða, sem beri með sjer, að hann sje sá, er hann segir eða færir líkur að því á annan hátt.

1. Póststjórnin er ekki skyld að skila ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum og böggulsendingum fyr en hún hefir fengið kvittun hins rjetta móttökumanns eða umboðsmanns hans.

Kvittun þessa má heimta annaðhvort með því móti, að móttökumaður riti nafn sitt með bleki í bækur póststjórnarinnar á þeim stað, sem til þess er ætlaður, eða þannig að móttökumaður sjálfur gefi lausa kvittun.

Ef ekki er skrifað undir í augsyn þess póstmanns, er lætur sendinguna af hendi, má heimta, að tveir vitundarvottar staðfesti undirskriptina.

Þegar móttakandi krefst þess, er póstmaður sá, er afhendir póstsendingu,

skyldur til að vera viðstaddur, meðan verið er að rannsaka hið ytra ásig- **50**
komulag sendingarinnar. Sjeu umbúðirnar skaddaðar eða beri þær þess 17. maí
merki, að innihaldið hafi skaddast, getur móttakandi krafizt þess, að póstmáður sje viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gjö:ast á sjálfu pósthúsinu. Sjáist engar skemmdir á sendingunni, má póstmáður eigi vera við, þegar hún er opnuð og innihaldið rannsakað.

Þegar talið hefir verið í peningasending af póstmanni, getur móttakandi þó heimtað að póstpjónn sá, sem afhendir sendinguna, sje viðstaddur, meðan talið er í henni, sem skal gjört á sjálfu pósthúsinu.

2. Póstávisanir skal afhenda móttakanda sjálfum eða koma til hans tilkynning um þær.

Póstávisanir geta menn fengið útborgaðar á pósthúsunum í Stykkishólmi, á Ísafirði, Blönduós, Sauðarkrök, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði og í Reykjavík, þó eigi á þeim tíma, þegar verið er að taka á móti pósti eða afgreida pósta.

Útborgun má þó því að eins fara fram, að móttakandi skili aptur póstávisunareyðublaðinu með löglegri kvittun, sem skal skrifuð með bleki á bakhlið ávisunarinnar. Póstávisanir má ekki framselja öðrum og póstmáður sá, sem borgar út póstávisun, getur heimtað, að sannað sje, að kvittunin sje gefin af rjettum manni.

Upphæðir póstávisana skulu sóttar svo fljótt, sem því verður viðkomið, og í síðasta lagi innan mánaðar frá því, að þær komu á kvörðunarpósthúsið. Hafi móttakandi ekki innan þess tíma sótt peningana, þótt á hann hafi verið skorað, skal endurborga sendanda ávisunina.

Póstávisanir með árituðu »poste restante« skal endursenda, eins og þeim hafi eigi orðið skilað, ef upphæð þeirra er eigi sótt innan mánaðar frá því þær komu á pósthúsið. Hafi móttakandi glatað póstávisun, verður hann að biðja pósthús það, þar sem hún var innborguð, að gefa út eptirrit af þeirri upprunalegu póstávisun, sem skal flutt með póstum án kostnaðar fyrir sendanda eða móttakanda.

3. Sendingar með óborguðu burðargjaldi eða ógreiddri borgun fyrir umbúðir o. fl. eru póstmenn eigi skyldir til að skila fyr en búíð er að borga í peningum þessi gjöld, sem skulu vera skrifuð með tölustöfum og tiltekin í krónum og aorum framan á sendinguna (á fylgibrjefið, þegar um böggul er að ræða), nema öðruvísi sje um samið (sbr. 15. gr.). Kærum yfir því að ofmikið sje heimtað skal fylgja umslagíð eða sú hlið af brjefinu, sem kveðjan er skrifuð á.

Póstsendingum, sem ranglega eru afhentar, má skila aptur á hvert pósthús, sem vera skal.

Pósthúsið borgar aptur það gjald, sem viðtakandi hefir greitt fyrir sendingar, sem það tekur við aptur.

50
17. maí

20. gr.

Um meðferð á sendingum, sem eigi verður komið til skila.

Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:

- a. Þegar sá, sem vísað er til, skorast undan að taka við henni;
- b. Þegar póststjórnin hefir getað spurt þann upp, sem vísað er til;
- c. Þegar sendingar hafa legið 3 mánuði, án þess að vera sóttar.

Þegar um ábyrgðarbrjef, peningabrjef, böggla eða póstávísanir er að ræða til móttakanda, sem verður eigi spurður upp, skal samt ákvörðunarpóstið láta móttökubúsið spyrja sendanda um það, hvort hann geti gefið nánari upplýsingar um móttakandann. Geti sendandi gjört það og vilji hann láta póststjórnina taka til greina upplýsingar hans, verður hann að frímerkja fyrirspurnina með 10 aurum, sem þá skal send ákvörðunarpósthúsinu með fyrsta pósti. Annars skal skoða sendingarnar sem óskilasendingar.

Jafnskjótt og það er álitíð, að póstsendingu verði eigi komið til skila, skal hún send aptur á það pósthús, þar sem henni var skilað til flutnings, og skal þess jafnframt getið, á sjálfri sendingunni, hversvegna henni hafi ekki verið skilað.

Þegar móttakandi neitar að taka á móti sendingu, getur hann skrifað það á sendinguna sjálfur, en engar aðrar athugasemdir má hann skrifa á sendinguna. Hafi hann gjört það, skal pósthúsið stryka þær út, svo að þær verði ólæsilegar. Þegar móttakandi skrifar eigi sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal hlutaðeigandi póstmaður gjöra það.

Það er skylda pósthússins á þeim stað, þar sem sendingu er skilað til flutnings, að sjá um, að bæði þær sendingar, sem getið var um, og aðrar sendingar, sem af einhverjum öðrum ástæðum hefir eigi orðið komið til skila þar á staðnum, eða hafa ekki orðið sendar þaðan, verði fengnar aptur þeim, er sendu, svo fljótt sem unnt er, ef komið verður að því, hverjir sent hafa, án þess að opna sendingarnar. Þegar þeim er skilað aptur, skal fara eptir hinum almennu reglum um afhending póstsendinga, þannig að þann, er sendi, skal álíta sem móttökumann.

Verði sendingum þeim, sem ekki verður komið til skila, heldur ekki komið til þess, sem sendi, skal senda þær póstmeistara áleiðis til landshöfðingja, sem lætur tvo áreiðanlega menn, sem hann sjerstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka; skulu menn þessir hafa unnið eið að því, að þeir ekki viljandi skuli lesa annað af hinu skrifaða innihaldi sendingarinnar, en staðsetning, dagsetning og undirskript, til þess á þann hátt að finna sendanda. Takist það, skal senda honum sendinguna undir innsigli landshöfðingja með óborguðu burðargjaldi, hafi það hvílt á henni; annars skulu sendingarnar liggja á póststofunni í Reykjavík, að minnsta kosti í 3 mánuði, og hafi þær eigi verið sóttar á þeim tíma, skal selja þær póstsjóði í hag samkvæmt 26. gr. í póstlögnum eða eyða þeim. Skal það gjört einu sinni á ári hverju undir umsjón þeirra manna, sem til þess eru settir og nefndir eru að framan. Sje hægt að spyrja upp sendanda, en hann neitar að taka við sendingunni, skal

senda hana til landshöfðingja, sem sker úr því, hvort gjöld þau, sem kunna að hvíla á sendingunni skuli innheimt hjá honum með lögsókn. 50
17. maí

21. gr.

Um skaðabætur.

Fyrir ábyrgðarbrjef skal því að eins greiða skaðabætur, að þau glatist í vörzlum póststjórnarinnar, en eigi fyrir það, þótt eitthvað vanti í þau.

Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar fyrir það, að peningabrjef eða böggjar týnast eða skemmast í vörzlum hennar, fer eins og segir í löggjöfnni um skaðabótaskyldu manna yfir höfuð, þó að því athuguðu, sem segir í 16. og 17. gr. í póstlögnum og því, sem fyrirskipið er um það, hvernig sendingar þessar skuli úr garði gjörðar af sendanda hálfu.

Það verður því undir ýmsum atvikum komið, hvort skaðabætur verða greiddar í hvert einstakt skipti, og verður eigi farið nánar út í það hjer, en þó skal tekið fram, að þegar peningabrjef og böggjar koma með skemmdum umbúðum, þá er nauðsynlegt, til þess að skaðabætur fáiast, að skaðinu sje rannsakaður í viðurvist póstmanns þess, sem afhendir sendingarnar, og yfir höfuð verða eigi teknar til greina skaðabótakröfur, sem koma fram, eptir að móttakandi hefir tekið við sendingunni mótmælalaust.

Þegar póstmaður hefir talið í peningasendingu, verður krafa um skaðabætur fyrir að vantað hafi í sendinguna því að eins tekin til greina, að það hafi sannast í viðurvist póstmanns þess, sem afhenti hana. Þegar heimtaðar eru skaðabætur fyrir böggulsendingar, sem peningar eru eigi í, getur póststjórnin heimtað, að hlutadeigandi færi sönnur á það, sem hann hefir sagt um skaðann, með því að láta 1 eða 2 óvilhalla menn meta hann.

Póststjórnin ábyrgist, að póstávisanir sjeu borgaðar út og endurborgaðar rjettum hlutadeigendum, en hún greiðir engar bætur fyrir drátt, sem kann að verða á því, annaðhvort vegna þess, að ávisunin hafi verið send skakkt, eða af því, að pósthúsið, sem á að borga hana, hefir eigi nóg fje í sjóði, svo að borgunin verður að bíða, þangað til það getur fengið viðbót, en þá á að láta hlutadeigandi vita um það.

Sá, sem sendir, eða sá, sem vísað er til á sendingu, skal bera upp skaðabótakröfu sína annaðhvort skriflega fyrir landshöfðingja eða munnlega eða skriflega fyrir pósthúsinu á þeim stað, sem sendingin fer frá, eða á þeim stað, sem hún á að fara til. Frestinn til þess að koma fram með kröfu til skaðabóta (sbr. 17. gr. í póstl.) ef henni á að verðagaumur gefinn, skal telja frá þeim degi, er sendingin var látin á póstinn. Þegar sendingu vantar, skal pósthúsið á þeim stað, sem hún átti að fara til, jafnskjótt og sjeð verður, hver við átti að taka, við fyrsta tækifæri skýra honum frá því, og ef komið er fylgibrjef, fá honum það í hendur.

Þegar húið er að skýra skaðabótamálið þannig, að póststjórnin geti ákveðið upphæð bótanna, skal hún svo fljótt sem unnt er goldin á því pósthúsi, sem næst er heimili hlutadeiganda, eða sem hann sjerstaklega hefir tekið til; þá skal og borga honum aptur frímerki þau, eða burðargjald það, sem greitt

50 hefir verið, ef sendingin er glötuð með öllu. Póststjórnin greiðir aldrei vöxtu 17. maí af því fje, sem henni þannig ber að borga.

Ef pósthjórnin hefir goldið skaðabætur sökum þess að sending eða nokkur hluti hennar hefir glatazt, en það finnst aptur, sem goldið var fyrir, skal pósthjórnin bjóða hlutadeiganda hlutinn, gegn því að hann borgi aptur skaðabæturnar og það endurgjald, sem honum kann að vera greitt fyrir burðargjald.

III. kafli.

Blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt II. gr. e. í pósthögnum.

22. gr.

Samkvæmt 2. gr. e. í pósthögnum skal telja undir blöð og tímarit sjerhvert blað eða rit, sem menn skrifa sig fyrir og er prentað eða margfaldað á líkan hátt, þegar það á að koma út einu sinni eða optar á ári í heptum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur eigi yfir 25 kvint.

Til þess að blöð og tímarit verði flutt með póstum, samkvæmt 11. gr. e. í pósthögnum, skulu þau koma út hjer á landi og vera seld fyrir ákveðið verð Hver sending verður að vera þannig brotin saman, að hún sje eigi yfir 15" á lengd og 9" á breidd og þykkt, og þyngd á hverri sendingu má eigi vera yfir 5 pund, þegar hún á að flytjast með landpósti, annars 10 pund.

Efst á fyrstu síðu blaðsins eða ritsins skal prentað fullt nafn þess og ártalið, efst á hinum blaðsíðunum skal og prentað nafnið fullt eða stytt. Ekkert fylgiblað má senda með ritinu, nema það beri nafn ritsins efst á síðu.

Utan á umbúðunum, sem skulu vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna hvað í þeim sje, án þess að skemma þær, skal standa nafn ritsins eða blaðsins, og hvaða árgangur, bindi, tölublað eða hepti sje í sendingunni, en að öðru leyti má ekkert vera skrifað eða prentað á umbúðirnar annað en nafn móttakanda, heimili og pósthöð.

Ekkert blað eða rit má senda á þennan hátt fyr en það hefir verið innritað á pósthstofunni í Reykjavík, en til þess að það verði gjört, þarf útgefandi eða þeir, sem ábyrgð skulu bera gagnvart pósthjórninni, að skýra pósthmeistara frá:

1. Osk sinni um, að blaðið eða ritið verði flutt samkvæmt 11. gr.e. í pósthögnum.
2. Nafni blaðsins eða tímaritins.
3. Hve opt blaðið eða ritið komi út.
4. Á hvaða pósthúsi blaðinu verði skilað til flutnings.

Þegar blaði eða tímariti er skilað til flutnings á þennan hátt, skal borga burðargjaldið í peningum og taka kvittun fyrir í kvittunarbók, sem pósthjórnin gefur út og selur á 50 aura. Skal þar tilfæra nafn blaðsins eða ritsins, árgangur, tölublað eða hepti, dag og stund þegar ritið er afhent, vikt og burðargjald. Skal afgreiðslumaður blaðsins hafa fyrirfram ritað í bókina nafn blaðsins eða ritsins, árgangur, tölublað eða hepti, sem afhent eru í einu, og skal kvittað fyrir það í einu lagi, þegar búið er að tilfæra dag og stund, vikt og burðargjald í kvittunarbókina og borga það í peningum. Allt hið sama, sem skrifað er í kvitt-

unarbókina, skal póstmaður skrifa í bók á pósthúsinu, þar sem blaðið eða ritið er afhent. Í sömu sendingu má aðeins senda blöð eða rit með sama nafni. **50** 17. maí

Blöð og tímarit, sem þannig hefir verið borgað fyrir, skulu flutt með póstum ófrímerkt, en móttökupósthúsið setur á þau merki um, að burðargjaldið sje borgað,

Eigi mega önnur pósthús taka við blöðum eða tímaritum til flutnings með póstum á þennan hátt, en það pósthús, sem útgefandi hefir tiltekið að því yrði skilað á. Sje brotið út af reglum þeim, sem hjer eru settar, skal eigi flytja blaðið eða ritið með póstum, og hafi það verið sent af stað, skal endursenda það sem böggulsending á kostnað útgefanda.

Blöð og rit, sem eigi eru afhent svo löngu áður en póstur á að fara frá pósthúsinu, sem til er tekið í 2. gr., skulu eigi send með fyrstu póstferð, nema þau sjeu frímerkt sem prentað mál.

Að öðru leyti gilda um sendingar þessar sömu reglur og um krossbands-sendingar.

IV. kafli.

Hvenær reglugjörð þessi öðlast gildi og afnám eldri ákvæða.

23. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1902 og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um póstmál 3. maí 1872 ásamt öðrum ákvæðum, sem síðar hafa verið gefin út um þetta efni.

Gefin út samkvæmt 27. gr. póstlaganna 13. septbr. 1901 og eptir skipun ráðgjafans fyrir Ísland.

Reykjavík 17. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.